

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vörumerki,
nr. 45/1997, með síðari breytingum (EES-reglur).

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar (LRM, HSK, AFE, ÁsF, NTF, ÓÍ, RBB, SPJ).

1. Á eftir 6. gr. komi þrjár nýjar greinar, svohljóðandi:
 - a. (7. gr.)
Í stað orðanna „er villast má á“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: þar sem hætt er við ruglingi.
 - b. (8. gr.)
Í stað orðanna „villast megí á þeim“ í 8. gr. laganna kemur: hætt er við ruglingi.
 - c. (9. gr.)
Í stað orðanna „villast megí á merkjunum“ í 9. gr. laganna kemur: hætt sé við ruglingi.
2. Í stað orðanna „bæjar- eða sveitarfélaga“ í 8. tölul. 1. efnismgr. 9. gr. komi: sveitarfélaga.
3. Við a-lið 19. gr.
 - a. Í stað orðsins „ógilda“ komi: fella niður.
 - b. Í stað tilvísunarinnar „28. gr. b“ komi: 28. gr. c.
4. Í stað orðanna „fellur skráning merkisins úr gildi“ í 5. efnismgr. 21. gr. komi: verður merkið afmáð.
5. Við 23. gr.
 - a. Í stað orðanna „notkun hefur ekki átt sér stað“ tvívegis í a-lið 1. mgr. c-liðar komi: hefur ekki verið notað; og: það hefur ekki verið notað.
 - b. Á eftir orðunum „rökstudd og“ í 1. mgr. d-liðar komi: henni skal.
6. Á eftir 25. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

10. tölul. 1. mgr. 32. gr. laganna orðast svo: samkvæmt ákvörðun Hugverkastofunnar ef skráning er ógilt eða felld niður í samræmi við 28. gr. eða 28. gr. a – 28. gr. e.
7. Í stað orðanna „skal hafa rétt til“ í 30. gr. komi: á rétt á.
8. Á eftir 31. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað orðanna „andmæla- eða ógildingarmála“ í 1. másl. 65. gr. laganna kemur: andmæla-, ógildingar- og niðurfellingarmála.
9. Orðin „og breytist greinatala samkvæmt því“ í inngangsmálslið 32. gr. falli brott.
10. 1. mgr. 33. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2020.
11. Á eftir 2. mgr. 34. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 23. gr. tekur aðeins til umsókna sem berast stofnuninni eftir gildistöku laga þessara. Gildistími eldri umsókna og skráninga helst óbreyttur.